

Niðurstöður aðalfundar Haga hf. 1. júní 2022

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica þann 1. júní 2022. Fundurinn hófst kl. 15:00. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, var lagður fram og samþykktur samhljóða.

2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 56,8% hagnaðar ársins, eða 2,00 krónur á hlut, samtals 2.266 milljónir króna, var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 3. júní 2022, arðleysisdagur 2. júní 2022 og arðgreiðsludagur 15. júní 2022.

3) Tillaga um lækkun hlutafjár og breytingu á samþykktum (dagskrárliður 4)

Tillaga stjórnar Haga hf. um lækkun hlutafjár til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði kr. 21.556.797 var samþykkt samhljóða. Felur það í sér breytingu á grein 2.1 í samþykktum félagsins þar sem hlutafé félagsins verður lækkað úr kr. 1.154.232.879 að nafnverði í kr. 1.132.676.082 að nafnverði. Þá var einnig samþykkt tillaga stjórnar um breytingu á gr. 1.3 í samþykktum félagsins, þ.e. breyting á heimilisfangi í Holtaveg 10 í Reykjavík.

4) Þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda (dagskrárliður 5)

Tillaga stjórnar Haga hf. um hækkun stjórnarlauna var samþykkt, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 735.000,- á mánuði, varaformaður kr. 541.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 368.000,- á mánuði. Samþykkt var að laun í undirnefndum stjórnar verði óbreytt, eða kr. 90.000,- á mánuði og að laun formanns verði tvöföld upphæð. Þá var samþykkt að nefndarmönnum tilnefningarnefndar verði greitt skv. reikningi 20 þús. kr. pr./klst.

5) Starfskjarastefna (dagskrárliður 6)

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins ásamt skýrslu starfskjaranefndar fyrir nýliðið starfsár. Var tillaga stjórnar samþykkt.

6) Kosning tilnefningarnefndar (dagskrárliður 7)

Samþykkt var samhljóða tillaga stjórnar Haga að þrjú eftirtaldir fulltrúar verðir kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins.

- Ásta Bjarnadóttir, vinnusálfræðingur
- Björg Sigurðardóttir, endurskoðandi
- Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur

7) Kosning stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 8)

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

- Davíð Harðarson, f. 1976
- Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968
- Eva Bryndís Helgadóttir, f. 1972
- Jensína Kristín Böðvarsdóttir, f. 1969
- Sigríður Olgeirsdóttir, f. 1960

Fimm voru í framboði til stjórnar félagsins og var því sjálfkjörið. Fjórir af fimm frambjóðendum skipuðu áður stjórn félagsins.

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

8) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 9)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tillagan var samþykkt samhljóða.